DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Nr. 2877 Síðan 1968 59. árgangur

Fimmtudagur 5. nóvember 2026

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Gagnheiði 17 · 800 Selfoss

Leikfélag Sólheima hlýtur Menningarverðlaun Suðurlands 2026



Mynd: Aðsend.

Leikfélag Sólheima hlaut sl. fimmtudag Menningarverðlaun Suðurlands fyrir árið 2026. Verðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í LAVA centre á Hvolsvelli í tengslum við ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Leikfélagið fær viðurkenninguna fyrir ómetanlegt framlag til menningarlífs á Suðurlandi, frumkvöðlastarf í inngildingu og áratugalanga rækt við barnamenningu.

Menningarverðlaun Suðurlands eru samfélags- og hvatningarverðlaun sem SASS veitir nú í sjöunda sinn. Að þessu sinni bárust tilnefningar um 23 ólík verkefni og einstaklinga af öllu Suðurlandi. Í ræðu framkvæmdastjóra SASS við afhendinguna kom fram að þessi mikli fjöldi tilnefninga sýni vel þá miklu breidd og grósku sem einkennir menningarlíf landshlutans. Þótt öll verkefnin hafi verið vel að verðlaununum komin var það samdóma niðurstaða úthlutunarnefndar að Leikfélag Sólheima stæði þar fremst meðal jafningja.

Brautryðjendur í inngildingu frá 1931

Leikfélag Sólheima er eitt elsta starfandi áhugaleikfélag landsins, stofnað árið 1931, aðeins ári eftir að starfsemi hófst á Sólheimum. Í rökstuðningi dómnefndar kom fram að félagið hefði frá upphafi verið brautryðjandi á sviði þátttöku og inngildingar. Þar hafa fatlaðir og ófatlaðir unnið saman að sameiginlegri listsköpun á jafningjagrundvelli, áratugum áður en slík nálgun varð almennt viðurkennd. Leikfélagið hefur því ekki aðeins auðgað menningarlíf Suðurlands heldur verið mikilvægt samfélagslegt afl sem stuðlar að virðingu og samvinnu allra.

Listrænn metnaður sem laðar að fjölskyldur

Sérstaða félagsins felst jafnframt í miklum listrænum metnaði. Í gegnum árin hafa margir af reyndustu listamönnum þjóðarinnar lagt félaginu lið og skapað einstaka hefð þar sem fagleg vinnubrögð mæta samfélagslegri þátttöku.

Árlegar sumarsýningar Leikfélags Sólheima hafa skapað sér fastan sess í barnamenningu á Suðurlandi og laðað að sér kynslóðir barna og fjölskyldna. Sýningar á borð við Skógarbrúðkaup og Leitin að sumrinu hafa slegið í gegn og vakið athygli langt út fyrir landshlutann. Árið 2021 vakti afmælissýningin Árar, álfar og tröll til að mynda slíka athygli að hún var í kjölfarið sýnd á Stóra sviði Þjóðleikhússins.

Drifið áfram af sjálfboðaliðum

Vakin var sérstök athygli á því við afhendinguna að þetta mikla menningarstarf hefur verið byggt upp nær án opinberra rekstrarstyrkja. Leikfélagið hefur alla tíð verið fjármagnað með miðasölu, óeigingjörnu sjálfboðaliðastarfi og framlagi velunnara.

SASS óskar Leikfélagi Sólheima og öllu samfélaginu þar innilega til hamingju með þennan fágæta árangur og afar verðskulduðu verðlaun, sem munu vafalaust halda áfram að hvetja til jákvæðrar samfélags- og menningarþróunar á Suðurlandi.

Sigurður sigrar Blítt og Létt annað árið í röð

Sigurður Emil Pálsson frá Hrunamannahreppi bar sigur úr býtum annað árið í röð á Blítt og Létt, söngvakeppni Menntaskólans að Laugarvatni, sem fór fram í gærkvöldi. Sigurður sigraði með laginu *Stimpla mig út* með Valdimar en Sigurður vann einnig í fyrra með laginu *Sumar konur* eftir Bubba Morthens. Hann hefur því tryggt sér sæti í Söngkeppni framhaldsskólanna, fyrir hönd Menntaskólans að Laugarvatni, sem fer fram í Háskólabíói 12. apríl næstkomandi.

Alls tóku tólf glæsileg atriði þátt í keppninni og var íþróttasalur Laugarvatns þétt setinn af áhorfendum. Í öðru sæti varð Sara Nadía Gunnarsdóttir frá Hrunamannahreppi með lagið *Ég sé þig* með Jóhönnu Guðrúnu. Í þriðja sæti var svo Bergur Tjörvi Bjarnason frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi með lagið *Lukkutroll* með Ljótu Hálfvitunum.

Verðlaun voru veitt fyrir skemmtilegasta atriðið og voru það þeir Gísli Guðnason, Eiríkur Janusson og Guðjón Ingi Guðlaugsson, eða Bakkabræður eins og þeir kalla sig, sem sigruðu þann titil en þeir tóku lagið OMG með Flona, Birni og Joey Christ.

Nánar má lesa um keppnina inni á dfs.is.



Sigurður Emil Pálsson. Mynd: Hrafntinna Jónsdóttir.













Sjálfbærnivinnustofa í Fjölheimum

Háskólafélag Suðurlands stendur fyrir sjálfbærnivinnustofu í Fjölheimum á Selfossi frá kl. 17:00–19:00, þriðjudaginn 10. nóvember. Þar gefst gestum á öllum aldri tækifæri til að fræðast um sjálfbærni, taka þátt í skapandi verkefnum og uppgötva hvernig litlar breytingar í daglegu lífi geta haft jákvæð áhrif á umhverfið.

Viðburðurinn er hluti af alþjóðlega Erasmus+ samstarfsverkefninu Roadmap to Sustainable Living, sem miðar að því að efla umhverfisvitund, hvetja fólk til sjálfbærari lífshátta.

Á vinnustofunni verður ýmislegt í boði. Gestir geta tekið þátt í bóka- og fataskiptimarkaði þar sem hægt verður að koma með 2–3 flíkur eða bækur og taka jafnmargt með sér heim. Einnig verður skemmtileg vinabandasmiðja þar sem þátttakendur fá að búa til vinabönd úr endurunnum textíl, kynning á Fab Lab, þrautir með sjálfbærniþema og dregið verður úr verðlaunapotti.

Kynning á Roadmap to Sustainable Living og sjálfbærnidagbókinni

Sama dag, frá kl. 13:00–18:00, verða Leiðarvísir að sjálfbærari lífsstíl og Dagbók til sjálfbærara lífs (sjálfbærnidagbókin) kynnt í samvinnu við Bókasafn Árborgar á Selfossi. Um er að ræða tvö verkfæri sem hafa verið þróuð í Erasmus+ verkefninu til að aðstoða fólk við að tileinka sér sjálfbærari lífsstíl. Þau innihalda hagnýtar hugmyndir, verkefni og leiðir til að skoða eigin neyslu og daglegar ákvarðanir með sjálfbærni að leiðarljósi. Gestir eru hvattir til að kynna sér þessi verkefni sem verða aðgengileg á bókasafninu í staðláni.

Öll eru hjartanlega velkomin og þátttaka er ókeypis!

Dagskrá þriðjudaginn 10. nóvember:

Kl. 13:00–18:00: Kynning á Leiðarvísi til sjálfbærari lífsstíls og á Dagbók til sjálfbærara lífs á bókasafninu.

Kl. 17:00–19:00: Sjálfbærnivinnustofa í Fjölheimum, Tryggvagötu 13 á Selfossi.

Börn velkomin með foreldrum og forráðamönnum.



Íslenskir prjónarar taka fundina og bjóða í frí á Suðurlandi

Heiðdís Einarsdóttir á Selfossi er meðal prjónaranna í AI Knittakers, nýrri markaðsherferð fyrir áfangastaðinn Ísland.

Heiðdís ólst upp á sauðfjárbúinu Götu, skammt frá Hellu, og kemur úr mikilli prjónafjölskyldu. Hún er örvhent og lærði að prjóna hjá kennara sínum Sigurlaugu, sem var líka örvhent. „Mér finnst gott að prjóna þegar ég slaka á. Það veitir mér hugarró og er svo góð leið til að vera í núinu," segir Heiðdís.

Herferðin, sem gengur undir nafninu AI Knittakers (Authentic Icelandic Knittakers) beinir sjónum að sítengdri fundamenningu nútímans og auknum kröfum um afköst á tímum gervigreindar. Ísland býður fram prjónara sem leysa einstaklinga af á fjarfundum svo það geti nýtt tímann í eitthvað annað, til dæmis að ferðast til Íslands.

Nærri 30 prjónarar úr öllum landshlutum taka þátt í verkefninu. Prjónararnir sitja raunverulega fundi hjá ýmiskonar fyrirtækjum, lesa salinn og taka eftir gildishlöðnum þögnum, viðbrögðum og ágreiningi. Afurðin er svo eitt prjónað orð sem endurspeglar inntak fundarins. Markmið herferðarinnar er að kynna Ísland sem vellíðunaráfangastað þar sem fólk getur notið heitra lauga, náttúru og upplifunar sem endurnærir.

„Samkeppnin um ferðamenn hefur aldrei verið harðari og fleira keppir um athygli fólks en nokkru sinni. Þess vegna þarf markaðssetning Íslands að vekja athygli. Við vitum hvað fólkið sem við tölum við vantar: tíma, hvíld, náttúru og fólk sem hlustar," segir Daði Guðjónsson, forstöðumaður markaðssamskipta hjá Íslandsstofu.

Þjónustan er ókeypis á lykilmörkuðum í gegnum AIKnittaker.com frá 29. október til 20. nóvember. Herferðin er hluti af markaðsverkefninu Ferðaþjónusta til framtíðar sem Íslandsstofa rekur fyrir hönd íslenskrar ferðaþjónustu í samstarfi við stjórnvöld, Samtök ferðaþjónustunnar og markaðsstofur landshlutanna. Herferðin er unnin í samstarfi við Peel og M&C Saatchi. Þóra Hilmarsdóttir leikstýrði og Skot sá um framleiðslu.



Mynd: Aðsend.

GÆÐA VARA - FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR - FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR -

HÚSASMIÐJAN blómaval

Fimmtudag til sunnudags

STÓRA SERÍUHELGIN

Allar seríur, skrautseríur, gluggaljós, aðventuljós o.fl.


25%

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Samtengjanlegar LED seríur. Tengdu saman margar seríur, allt að 2.000 ljós á eina kló

Frost LED seríurnar fást eingöngu í Húsasmiðjunni og Blómavali. Útiseríurnar þola íslenskt veðurfar mjög vel og hafa reynst einstaklega vel hérlendis. Húsasmiðjan og Blómaval leggja áherslu á að bjóða góðar seríur á lægra verði og breitt vöruúrval sem hentar íslenskum aðstæðum.

FROST



Magnús J. Magnússon er handhafi menningarviðurkenningar Árborgar 2026

Menningarviðurkenning Árborgar 2026 var veitt við fjölmenna og fjöruga athöfn í Grænumörk í dag, 29. október. Magnús J. Magnússon er handhafi Menningarviðurkenningar Árborgar í ár.

Athöfnin hófst með því að Hörpukórinn söng undir stjórn Stefáns Þorleifssonar.

Þar á eftir afhenti Kjartan Björnsson Magnúsi viðurkenningargripinn og hafði m.a. um hann þessi orð:

„Handhafi menningarviðurkenningar Árborgar 2026 er vel þekktur hér í sveitarfélaginu enda hefur viðkomandi verið atkvæðamikill í margvíslegu menningarstarfi, ekki síst leiklist.

Magnús setti upp sitt fyrsta leikrit með skátafélaginu sínu í Akureyrarkirkju, þá 11 ára gamall, síðan hefur hann frumsýnt 125 leiksýningar og af þeim samið 50–60 sjálfur. Það er óhætt að segja að menningin bókstaflega spretti upp í kringum hann, hvar sem hann drepur niður fæti og í marga áratugi hefur hann verið órjúfanlegur hluti af menningarlífi Árborgar.“

Það var einróma ákvörðun Menningarnefndar Árborgar að veita Magnúsi þessa viðurkenningu í ár og þakka honum um leið fyrir hans ómetanlega menningarstarf í þágu samfélagsins.

Verðlaunagripurinn var handtálgaður Jaðrakan eftir myndlistarmanninn Hafþór Ragnar Þórhallsson.





Ásta Tryggvadóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar

Ásta Tryggvadóttir tók við starfi framkvæmdastjóra hjúkrunar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands frá og með 1. nóvember.

Ásta er menntaður hjúkrunarfræðingur frá Háskólanum á Akureyri og lauk MBA-námi frá University of the Highlands and Islands í Skotlandi fyrr á þessu ári. Hún hefur víðtæka reynslu af hjúkrun og stjórnun, bæði hér heima og í Kanada, þar sem hún starfaði meðal annars sem hjúkrunarforstjóri á hjúkrunarheimilum í Ontario-fylki.

Ásta er starfsfólki HSU og starfseminni að góðu kunn, en hún hefur stýrt hjúkrunarheimilinu Móbergi á Selfossi frá árinu 2023.

„Að taka að mér hlutverk framkvæmdarstjóra hjúkrunar hjá HSU er einstakt tækifæri. Ég hlakka til að leggja mitt af mörkum, leiða áfram og byggja á því öfluga hjúkrunarstarfi sem unnið er innan stofnunarinnar, í nánu samstarfi við starfsfólk og stjórnendur, með það að markmiði að efla þjónustu og starfsumhverfi til framtíðar,“ segir Ásta. *HSU*



Ásta Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar. Mynd: HSU.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínusson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentun: Prentmet Oddi
Svansvottuð prentsmiðja

Gáta vikunnar

Nokkrir þetta nota á brauð,
nokkurskonar vandi er.
Kannski verður kinnin rauð,
kúa afurð handa þér.

Svar við gátu í blaði 2876: **HÖGG**
1. **Höggdeyfir**, eða dempari sem draga úr höggum við akstur.
2. **Höggormur** - 3. **Höggmynd** úr steini - 4. **Höggdofa**, sama og agndofa

Sunnlenski matgæðingurinn

Grilluð nautalund

Matgæðingur vikunnar er Eiður Helgi Héðinsson.



Grilluð nautalund með kartöflumús og rauðvínssósu
800 g nautalund, hreinsuð
Salt
100 g smjör
3 hvítlauksgeirar
2 greinar rósmarín
2 greinar timjan

Kryddið nautalundina með salti.

Grillið hana við háan hita þar til hún hefur fengið fallega grillhúð á öllum hliðum.

Setjið nautalundina í 90 °C heitan ofn og eldið þar til kjarnhiti nær 50 °C.

Þegar nautalundin hefur náð 50 °C kjarnhita er slökkt á ofninum, ofninn opnaður og nautalundinni leyft að hvíla þar inni í 8–10 mínútur.

Kartöflumús
1 kg kartöflur
200 g smjör
250 ml rjómi
3 hvítlauksgeirar
2 greinar rósmarín
Salt

Bakið kartöflurnar heilar í ofni við 180 °C þar til þær eru mjúkar í gegn.

Pressið kartöflurnar í gegnum kartöflupressu (sigti virkar líka).

Hrærið smjörinu saman við og bætið rjómanum smám saman út í þar til músin verður silkimjúk.

Smakkið til með salti.

Rauðvínssósa
500 ml rauðvín
500 ml nautasoð
2 skalottlaukar, fínt saxaðir
1 hvítlauksgeiri
1 msk. tómatmauk
1 grein timjan
40 g smjör
Salt

Svitið skalottlaukinn í potti með smá olíu.

Bætið hvítlauk og tómatmauki út í og ristið í 1–2 mínútur.

Hellið rauðvíninu út í og sjóðið niður um tvo þriðju.

Bætið nautasoði og timjan út í.

Sjóðið rólega niður þar til sósan hefur náð góðu bragði og réttri þykkt.

Sigtið sósuna og klárið með smjöri.

Smakkið til með salti.

Nú er komið að næsta fórnarlambi að spreyta sig og skora ég því hér á hann Kristófer Loga Jóhannsson að taka við keflinu og vera næsti matgæðingur, því ég veit að honum finnst gaman að borða góðan mat. Engin pressa samt... en það er búið að setja standardinn!

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Við prentum ljósmyndir
honnun.prentmetoddi.is
Pantaðu ljósmyndir í öllum algengustu ljósmyndastærðunum.
prentmet ODDI umbúðir og prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is



AO ATLANTSOLÍA

VELDU

HVERAGERÐI

SEM ÞÍNA SPARISTÖÐ

Í APPINU

OG DÆLDU ALLTAF Á OKKAR LÆGSTA VERÐI



Hrísmýri 2a · **800 Selfoss** · carglass@carglass-iceland.is · 530 9100 · www.carglass-iceland.is

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2020-2036:

1. Mörk og Grænamörk, ÍB17 – Aðalskipulagsbreyting

Auglýst er tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytingar á skilmálum aðalskipulags Árborgar 2020-2036 fyrir landnotkunarfláka ÍB17 á Selfossi. Um er að ræða íbúðarbyggð sem afmarkast af Hörðuvöllum, Árvegi, Þórsmörk, Heiðmörk og Austurvegi. Skipulagssvæðið sem aðalskipulagsbreyting nær til er um 5,3 ha að stærð. Megin breytingin fellst í að gerð er ítarlegri grein fyrir í samantektartöflu fyrir Mörk og Grænumörk, fjölgun íbúða á svæðinu, auk fjölda hæða. Eftir breytingu er gert ráð fyrir að íbúðir pr. ha geti verið allt að 55, áætlaður fjöldi íbúða á svæðinu geti verið 291 og áætlaður fjöldi óbyggðar íbúða verði 90. Samhliða breytingu aðalskipulags er unnið að nýju deiliskipulag fyrir svæðið í heild sinni.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar eftirfarandi tillögur vegna breytingu á deiliskipulagi:

2. Athafnasvæði AT9 á Eyrarbakka - Deiliskipulag

Auglýst er til kynningar og samráðs vinnslutillaga nýs deiliskipulags sem tekur til athafnasvæðis AT9 á Eyrarbakka. Skipulagssvæðið er staðsett vestast á Eyrarbakka og afmarkast af íbúðarbyggð í austri, verslun- og þjónustusvæði ásamt afþreyingar og ferðamannassvæði í suðri og vestri og opnu svæði í norðri. Innan svæðisins er áætlað að byggja upp fjölbreytta starfsemi fyrir ýmsa atvinnu- og þjónustu. Gert er ráð fyrir rúmgóðum lóðum og að nýtingarhlutafall verði á bilinu 0,3 – 0,4. Gert er ráð fyrir byggingum á einni til tveimur hæðum. Innan vinnslutillögu er gert ráð fyrir nýjum vegi vestast á svæðinu sem tengist við Túngötu.

3. Eyrarbraut, Eyjasel og Langadæl – Deiliskipulag

Auglýst er til kynningar og samráðs tillaga að nýrri íbúðargötu vestan við núverandi byggð á Stokkseyri, sem fær nafnið Langadæl. Tillagan tekur einnig til núverandi byggðar að Eyjaseli. Gert er ráð fyrir 6 nýjum lóðum vestan við Eyjasel, 5 lóðir undir parhús og einni lóð fyrir 3 íbúða raðhús. Gert er ráð fyrir að á nýju svæði verði nýtingarhlutfall lóða allt að 0,35 og að heimilt verði að reisa pas- og raðhús á einni og hálfri hæð. Hámarks vegghæð 4m og mesta mænishæð allt að 5m. Í eldri hluta núverandi byggðar gera skilmálar ráð fyrir nýtingarhlutfalli upp að 0,35, og mesta vegghæð verði allt að 4m, og hámarksmænishæð allt að 5m. Vestast á viðkomandi svæði er í gildi deiliskipulag fyrir fjölbýlishús á þremur hæðum með bílakjallara auk tveggja lóða fyrir einbýlishús. Gert er ráð fyrir því að það skipulag falli úr gildi með nýju deiliskipulagi fyrir svæðið.

Ofangreindar skipulagstillögur liggur frammi til auglýsingar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögur á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is og á www.skipulagsgatt.is
Skipulagstillögur nr. 2 og 3 eru í kynningu frá 5.nóvember 2026, til og með 26.nóvember 2026.
Skipulagstillaga nr. 1 er í er í auglýsingu frá 5. nóvember 2026, til og með 17. desember 2026.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67 á Selfossi, eða með tölvupósti á netfangið skipulag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Vigfús Þór Hróbjartsson
skipulagsfulltrúi

Sögusýning í Odda tilbúin

Sögusýning Oddafélagsins, „Sæmundur fróði og saga Odda 930-1305“ var teiknuð upp fyrir tíu árum af verkefnastjóra Oddafélagsins, í þeim tilgangi að gera hina merku sögu Odda og Oddaverja á miðöldum sýnilega á staðnum fyrir gesti og gangandi.

Sýningin er nú uppsett í Oddalundi fyrir neðan Oddakirkju. Merk atriði úr sögu Oddaverja eru á 9 stórum myndaskiltum, en 60 sjálfboðaliðar úr Rangárþingi sátu fyrir á ljósmyndunum, klæddir miðaldabúningum.



Gísli Sigmundsson, Kristján Ármannsson, Kristján Óli Hjaltason, Heimir Sæberg Loftsson og Kári Helgason að lokinni uppsetningu sögusýningarinnar í Oddalundi.

Myndatakan fór fram fyrir þremur árum, með Brynjari Ágústssyni ljósmyndara og Ellu Reynis búningameistara undir stjórn verkefnastjóra Oddafélagsins, Friðriks Erlingssonar. Eftirvinnslu ljósmyndanna lauk nú í sumar.

Mynda- og textaskilti sýningarinnar eru prentuð í Fagform, skiltagerð á Selfossi, en bæði Fagform og ÞH-blikk styrktu þetta verkefni Oddafélagsins með því að gefa alla vinnu og efni sýningarinnar.

Síðastliðinn vetur gerðust Oddfellowbúðir nr. 6, ODDI I.O.O.F., sérstakir styrktaraðilar Sögusýningarinnar í Odda. Þessi hrausta sveit vaskra manna undir forystu Kristjáns Óla Hjaltasonar tók upp á arma sér að hanna og setja saman grindur fyrir skiltaborgina og reistu hana upp í sumar.

Og nú í október mættu þeir í Odda til að festa mynda- og textaskilti sýningarinnar upp. Því til viðbótar smíðaði Kristján Óli tvö borð með áföstum bekkjum fyrir gesti sýningarinnar og færði Oddafélaginu að gjöf í tilefni af verklokum.



Gísli Sigmundsson og Kristján Óli Hjaltason reistu skiltagrindurnar fyrr í sumar á votum júnídegi.



Formleg opnun sýningarinnar verður laugardaginn 22. maí 2027, en þá verða stóru skiltin tvö við gatnamót Þjóðvegar 1 og Oddavegar væntanlega komin upp.

Öllum er velkomið að koma að Odda og skoða sýninguna hvenær sem er, enda er Oddalundur nú orðinn hinn þægilegasti áningarstaður.

Það er óhætt að segja að án aðkomu hinna öflugu heiðursmanna í Oddfellowreglunni væri þetta stóra og mikilvæga verkefni enn á byrjunarreit. Sá mikli stuðningur sem félagið hefur einnig notið frá fyrirtækjum í Rangárþingi og á Selfossi er sömuleiðis ómetanlegur.

Stjórn Oddafélagsins þakkar öllum þessum aðilum fyrir styrki þeirra og stuðning svo sögusýningin mætti verða að veruleika: Steinastein ehf., Fjölskyldunni Vindási, Þjótanda ehf., steypustöðinni Spesían ehf., vélsmiðjunni Magna ehf., sveitarstjórum Rangárþings eystra og Rangárþings ytra, Fagform ehf., ÞH-blikk ehf. og síðast en ekki síst félögum í Oddfellowbúðum nr. 6 ODDI.



SÖNGUR KNAPANS

Kordóva.
Fjarlæg og einmana.

Svartur hestur, stór máni
og ólífur í hnakktöskunni.
Þótt ég rati
kemst ég aldrei til Kordóva.

Yfir sléttuna í roki,
svartur hestur, rauður máni.
Dauðinn fylgist með mér
úr turnunum í Kordóva.

Ó, hvað leiðin er löng!
Ó, gæðingurinn minn!
Ó, dauðinn situr um mig
áður en ég kemst til Korrdóva!

Kordóva.
Fjarlæg og einmana.

Federico García Lorca, 1898-1936, Spáni
Þór Stefánsson þýddi eftir
enskri þýðingu Germains Droogenbroodt
Mynd: Stytta af Federico García Lorca í Madrid

Fjölmenningarhátíð í Grunnskólanum á Hellu

Það var líf og fjör í Grunnskólanum á Hellu þegar nemendur héldu glæsilega fjölmenningarhátíð þar sem ólíkir menningarheimar mættust.

Nemendur höfðu lagt mikla vinnu í undirbúning hátíðarinnar. Þau skreyttu skólann, kynntu ýmis lönd og menningu þeirra, bökuðu og útbjuggu fjölbreyttan mat sem gestir fengu að smakka. Margir klæddust einnig þjóðbúningum og öðrum litríkum búningum.

Boðið var upp á fjölbreytt skemmtiatriði, meðal annars dans og aðrar uppákomur sem nemendur höfðu undirbúið. Gestir gátu gengið á milli kynningarbása, fræðst um ólík lönd og notið matar og skemmtunar.

Hátíðin var vel sótt og skapaðist skemmtileg stemning þar sem nemendur, fjölskyldur og starfsfólk komu saman og fögnuðu fjölbreytileikanum.

Frábært framtak hjá nemendum og starfsfólki Grunnskólans á Hellu sem sýnir hversu auðgandi fjölbreytt menning er fyrir skólasamfélagið.













Hilary ráðin markaðs- og fjölmenningarfulltrúi



Einar Freyr Elínarson sveitarstjóri og Hilary Jane Tricker nýráðin markaðs- og fjölmenningarfulltrúi. Mynd: Mýrdalshreppur.

Hilary Jane Tricker hefur verið ráðin markaðs- og fjölmenningarfulltrúi Mýrdalshrepps.

Með ráðningunni er lögð áhersla á að efla markaðs- og kynningarmál sveitarfélagsins og styðja við öflugt fjölmenningarsamfélag.

„Í Mýrdalshreppi býr fólk af fjölbreyttum uppruna og felast mikil tækifæri í að styrkja tengsl íbúa, greiða aðgengi að upplýsingum og hvetja til virkrar þátttöku í samfélaginu," kemur fram í tilkynningu Mýrdalshrepps.

Hilary mun hefja störf 1. desember næstkomandi.



Gleym-mér-ei

Vinafélag – Aðalfundur

Vinafélag hjúkrunarheimilanna Móbergs, Ljós- og Fossheima
Sunnudaginn 15. nóvember nk. kl. 14:00

Verður haldinn aðalfundur í Grænumörk 5 á Selfossi.
(Þjónustumiðstöð – gengið inn að vestanverðu.)
Félagsfólk, aðstandendur og skjólstæðingar þeirra, sem og allir þeir sem áhuga hafa eru hjartanlega velkomnir.

Eftir venjuleg aðalfundarstörf fáum við okkur kaffi og með því. Ef til vill syngjum við líka saman við undirleik og eigum notalega stund.

Munið sunnudaginn 15. nóvember
– öll hjartanlega velkomin!

Kveðja,
Stjórn Vinafélagsins

HRINGURINN BARNASPÍTALI

Basar

Hringskonur verða með basar í Grænumörk 5, Selfossi í sal S3. Laugardaginn 7.nóvember frá kl.13.00 - 16:00.
Fallegt handverk að vanda. Posi á staðnum

Hlökkum til að sjá ykkur,

BYGGINGARÞJÓNUSTA SUÐURLANDS
STOFNAÐ 2024
BYGGINGARÞJÓNUSTA SUÐURLANDS ehf.
NÝBYGGINGAR | VIÐHALD | ENDURBÆTUR
ALHLIÐA BYGGINGARÞJÓNUSTA
TRAUST ÞJÓNUSTA MEÐ REYNSLU
NÝBYGGINGAR ENDURBÆTUR VIÐHALD BAÐHERBERGI FRÁ A-Ö FLÍSALAGNIR ELDHÚS HÚSASMÍÐI KLÆÐNINGAR
659 3522 | sudurhus.is | info@sudurhus.is | Á Selfossi og nágrenni

Evrópumót í hópfimleikum

Átta iðkendur frá Fimleikadeild Selfoss kepptu fyrir Íslands hönd á Evrópumótinu í hópfimleikum í Finnlandi. Mótið bauð upp á gleði, spennu og erfið augnablik, en við erum afar stolt af okkar fólki og framlagi þess til íslensku landsliðanna.

Liðsheild og gleði hjá drengjaliðinu

Drengjalið Íslands hafnaði í fimmta sæti bæði í undanúrslitum og úrslitum eftir vel heppnað mót. Selfyssingarnir Eiður Hilmar Sigmundsson, Birgir Árni Sigmundsson og Hinrik Jarl Aronsson voru þar allir að keppa á sínu fyrsta Evrópumóti.

Mikil liðsheild og gleði einkenndu hópinn og það sást á strákunum að þeim leið vel á keppnisgólfinu. Þeir studdu hver annan og tókust saman á við stórt verkefni. Það var virkilega gaman að sjá Selfyssingana þrjá stíga sín fyrstu skref á Evrópumóti og öðlast dýrmæta reynslu sem þeir taka með sér áfram.

Heiðrún Ósk Sævarsdóttir, þjálfari hjá Fimleikadeild Selfoss, var þjálfari drengjaliðsins og stóð sig frábærlega í því hlutverki. Við erum stolt af hennar framlagi til verkefnisins og vinnunni með þessum efnilega hópi.

Stórkostleg undanúrslit hjá stúlknaliðinu

Elva Lillian Sverrisdóttir og Kristín María Kristjánsdóttir kepptu með stúlknaliði Íslands sem átti stórkostlegan dag í undanúrslitum og tryggði sér efsta sætið inn í úrslitin. Liðið sýndi flottar æfingar og mikla getu og tilhlökkunin fyrir úrslitadeginum var því mikil.

Því miður gengu hlutirnir ekki jafn vel upp í úrslitunum og liðið endaði í sjötta sæti. Það voru sár vonbrigði fyrir öflugt lið sem hafði sýnt hvað í því býr og keppti með mikla erfiðleika í æfingum sínum.

Við erum engu að síður afar stolt af Elvu, Kristínu og liðsfélögum þeirra. Þær lögðu allt í keppnina og skildu allt eftir á gólfinu. Frammistaðan í undanúrslitunum sýndi svo sannarlega getu liðsins og það verður spennandi að fylgjast með þessum efnilegu stelpum áfram.

Kvennaliðið hársbreidd frá verðlaunasæti

Victoria Ann Vokes, Elsa Karen Sigmundsdóttir og Silvia Rós Nokkala Valdimarsdóttir voru fulltrúar Selfoss í kvennaliði Íslands og kepptu allar með liðinu bæði í undanúrslitum og úrslitum.

Silvia varð því miður fyrir meiðslum á trampólíni í úrslitunum. Hún hafði lokið tveimur virkilega góðum stökkum þegar hún meiddist í því þriðja og gat því ekki tekið þátt á næstu áhöldum. Það var sárt að sjá hennar keppni enda með þeim hætti eftir allan undirbúninginn og við sendum henni hlýjar batakveðjur.

Elsa Karen og Victoria Ann eru á yngsta ári í fullorðinsflokki en kepptu engu að síður með stökk með háan erfiðleika sem þær náðu að framkvæma mjög vel.

Kvennaliðið hafnaði í fjórða sæti í úrslitunum, hársbreidd frá bronsverðlaunum. Gríðarlega mjótt var því á munum eftir harða keppni og við erum afar stolt af okkar stelpum og framlagi þeirra til liðsins.

UMFS



Mynd: UMFS.





Nóvember listasýning í Gallery Listasel



Nóvember listasýning í Gallery Listasel er frá Ási vinnustofu.

Þetta er samsýning frá fötluðum listamönnum sem að starfa hjá Ási styrktarfélagi.

Verkin eru unnin úr ull og einnig úr leir. Þau eru unnin með þeirri hugmyndafræði að enginn getur allt en allir geta eitthvað.

Opnun verður laugardaginn 7. nóvember kl. 13:00-15:00. Léttar veitingar í boði og eru allir hjartanlega velkomnir.

Kæra sveitarstjórnarfólk

Ég sat nýverið upplýsingafund á Sólheimum í Grímsnesi fyrir aðstandendur íbúa þar.

Þar kom margt gagnlegt fram og langflest uppbyggilegt og ánægjulegt. Eitt var það þó sem greip athygli mína sérstaklega og það er að íbúar Sólheima eru í brasi með akstursþjónustu. Sveitarfélagið Grímsnes- og Grafningshreppur er tæknilega séð sá aðili sem á að sinna þjónustunni, þar sem Sólheimar eru staðsettir í því sveitarfélagi. Hreppurinn hefur, kannski skiljanlega, ekki tök á að sinna því á fullnægjandi hátt. Stjórn og starfsfólk Sólheima hefur, að mér skilst, komið með ýmsar tillögur til úrbóta og meira að segja boðist til að taka yfir þjónustuna.

Mér þætti sómi að því fyrir öll aðildarsveitarfélög Bergrisans, þó sérstaklega þau sem eiga einn eða fleiri íbúa á Sólheimum upprunna í sínu sveitarfélagi, að taka samtal og finna lausn á þessum vanda. Það er ótækt að ekki sé hægt að mæta þessum þörfum þessa hóps og mér í það minnsta finnst ekki endilega eðlilegt að GOGG þurfi ein að sinna því.

Þessi póstur var sendur á oddvita allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna ásamt formönnum þeirra nefnda sem fara með málaflokkinn í hverju sveitarfélagi.

Með virðingu og vinsemd,
Steinunn Lilja Svövudóttir,
aðstandandi íbúa á Sólheimum í Grímsnesi



Ársþing SASS ályktar: „Suðurland er ekki hraðbanki ríkissjóðs

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) hefur samþykkt harðorða ályktun þar sem nýjum og sívaxandi álögum ríkisvaldsins á atvinnulíf og samfélög á Suðurlandi er mótmælt. Á þinginu, sem haldið var dagana 29. – 30. október á Hvolsvelli, kom skýrt fram að óásættanlegt sé að um helmingur nýrra skatttekna ríkisins eigi að koma úr Suðurkjördæmi, þar sem einungis um 9% landsmanna búa

Verðmætasköpun á Suðurlandi stefnt í hættu

Suðurland hefur um árabil verið helsti drifkrafturinn í íslenskri ferðaþjónustu og atvinnuuppbyggingu. Í ályktuninni er bent á alvarlega mótsögn í stefnu stjórnvalda: Á sama tíma og kallað er eftir auknum fjárfestingum og öflugum byggðum er vegið að rekstrarumhverfi fyrirtækja í landshlutanum með ófyrirsjáanlegum skattahækkunum. Þar má nefna áform um náttúrupassa, hækkun virðisaukaskatts á baðlón og vegtolla, sem öll munu bitna hart á sunnlenskum almenningi og draga úr samkeppnishæfni.

Krafa um samráð og sanngjarna skiptingu

Ársþing SASS krefst þess að staldrað verði við og að þingmenn Suðurkjördæmis beiti sér fyrir frestun þessara áforma þar til óháð og heildstætt mat á áhrifum þeirra á Suðurland liggur fyrir. Samtökin leggja áherslu á að sunnlensk sveitarfélög og atvinnulíf séu ætíð reiðubúin að axla ábyrgð á uppbyggingu innviða, en slíkt verði að byggja á jafnræði, fyrirsjáanleika og raunverulegu samráði við heimafólk. Til að mynda verði að tryggja að tekjur af ferðaþjónustu skili sér til baka í þau samfélög þar sem álagið verður til.

Hér að neðan má lesa ályktun ársþingsins í heild sinni:

Suðurland er ekki hraðbanki ríkissjóðs!

Ályktun ársþings Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) mótmælir harðlega sívaxandi álögum ríkisvaldsins á atvinnulíf og samfélög á Suðurlandi og gagnrýnir þann alvarlega skort á heildarsýn og raunverulegu samráði sem einkennt hefur undirbúning og innleiðingu þeirra.

Á sama tíma og ríkisstjórnin boðar umfangsmiklar skattahækkanir og nýjar tekjuöflunaraðgerðir er sérstaklega vegið að þeim atvinnugreinum sem hafa verið undirstaða öflugrar atvinnuuppbyggingar og verðmætasköpunar á Suðurlandi.

Um helming nýrra skatttekna á að sækja í Suðurkjördæmi þrátt fyrir að aðeins rúmlega 9% íbúa landsins búi þar. Slík aðför er óásættanleg!

Náttúrupassi, hækkun virðisaukaskatts á baðlón, kílómetragjald, vegtollar, loftbrú, óvissa um lagaumgjörð lagareldis ásamt fleiri álögum munu hafa alvarlegar afleiðingar á íbúa Suðurkjördæmis og leiða til tekjutaps bæði sveitarfélaga og ríkissjóðs og lakari lífskjara.

Það er alvarleg mótsögn í stefnu stjórnvalda að kalla eftir auknum fjárfestingum, öflugra atvinnulífi og sterkari byggðum en grafa um leið undan þeim markmiðum með sífellt auknum álögum og ófyrirsjáanlegu rekstrarumhverfi.

Ársþing SASS krefst þess að þingmenn Suðurkjördæmis beiti sér, þvert á flokkslínur, fyrir því að afgreiðslu fyrirhugaðra skattahækkana og annarra íþyngjandi breytinga verði frestað þar til óháð og heildstætt mat á samanlögðum áhrifum þeirra á atvinnulíf, fjárfestingar, verðmætasköpun og búsetuskilyrði á Suðurlandi liggur fyrir.

Ársþing SASS gagnrýnir einnig harðlega skort á raunverulegu samráði við sveitarfélögin. Samráð sem hefst eftir að meginstefna hefur verið mótuð og ákvarðanir í reynd teknar getur ekki talist raunverulegt samstarf ríkis og sveitarfélaga.

Ársþing SASS krefst þess að ríkisstjórn Íslands:

1. Falli frá áformum um sérstaka gjaldtöku á Þingvöllum, Gullfossi og Geysi og móti í staðinn samræmda og sanngjarna stefnu um gjaldtöku á ferðamannastöðum í eigu ríkisins á landsvísu.

2. Endurskoði fyrirhugaðar skattahækkanir á ferðaþjónustu, sérstaklega hækkun virðisaukaskatts á baðlón, og meti áhrif þeirra á fjárfestingar, atvinnuuppbyggingu og alþjóðlega samkeppnishæfni greinarinnar.

3. Leggi fram heildstætt og opinbert mat á samanlögðum áhrifum allra fyrirhugaðra skattahækkana og gjaldtöku, sundurliðað eftir landshlutum og miðað við íbúafjölda, atvinnugreinar og verðmætasköpun.

4. Tryggi að tekjur ríkisins af ferðaþjónustu skili sér með sanngjörnum hætti til uppbyggingar innviða á þeim svæðum þar sem álagið verður til. Nú þegar er árlegt skattspor ferðaþjónustunnar um 200 milljarðar og greiðir ferðaþjónustan um 50 milljarða í virðisaukaskatt.

5. Leggi fram frumvarp um lagareldi á vorþingi 2027. Mikilvægt er að þessari nýju atvinnugrein verði tryggð skýr lagaumgjörð og fyrirsjáanleiki.

6. Tryggi raunverulegt samráð við sveitarfélögin frá upphafi stefnumótunar og áður en ákvarðanir sem hafa veruleg áhrif á atvinnulíf og samfélög eru teknar.

Ársþing SASS leggur áherslu á að sunnlensk sveitarfélög og atvinnulíf eru reiðubúin til að axla sanngjarna ábyrgð á uppbyggingu innviða og fjármögnun sameiginlegrar þjónustu. Sú ábyrgð verður hins vegar að byggjast á jafnræði, fyrirsjáanleika og sanngjarnri skiptingu byrða.

SASS



Auglýsing um skipulag

Eftirtaldar skipulagstillögur eru auglýstar skv. 2. mgr. 36. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar eru til umsagnar í skipulagsgátt og er hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar þar.

Víkursandur – nýjar lóðir fyrir gagnaver – breyting á deiliskipulagi

Lögð er fram breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðisins I4 vestan Þorlákshafnar sem sett er fram sem heildarendurskoðun. Í breytingunni felst að skipulagssvæðið er stækkað til norðurs og um 25 nýjum lóðum bætt við vegna gagnavera ásamt lóð fyrir tengivirki. Nýtingarhlutfall lóða er 0,5 og hámarkshæð bygginga 15 m. Umhverfismatsskýrsla fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 28. október 2026.

Lambafell – efnistökusvæði E2 og E3 – óveruleg breyting á aðalskipulagi

Lögð er fram óveruleg breyting á Aðalskipulagi Ölfuss 2020–2036 vegna efnistökusvæða E2 og E3 í Lambafelli. Í breytingunni felst að heimilað efnismagn er uppfært til samræmis við umhverfisskýrslur.

Tillagan var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 28. október 2026.

10 kV jarðstrengur að vatnsverksmiðju – framkvæmdaleyfi

Rarik hyggst leggja 10 kV háspennustreng frá tengivirki Landsnets meðfram gamla Þorlákshafnarvegi og norður að vatnsverksmiðju Icelandic Glacial.

Framkvæmdaleyfið var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 28. október 2026.

Skipulagstillögurnar eru til umsagnar á Skipulagsgáttinni á www.skipulagsgatt.is til og með 17.12.2026. Til að finna ákveðið mál skal smella á „Leita að máli" og slá inn nafn málsins í leitarreitinn.

Á Skipulagsgáttinni er hægt að:

- Skoða allar upplýsingar og gögn sem tengjast málinu
- Leggja fram athugasemdir
- Lesa þær athugasemdir sem aðrir hafa sent inn

Ef hakað er við „Vakta mál" á tilteknu máli, fær viðkomandi tilkynningu í tölvupósti í hvert skipti sem breyting verður á málinu.

Gögn vegna framkvæmdaleyfa eru jafnframt aðgengileg í skipulagsgátt og má finna leiðbeiningar um kærur og upplýsingar um kærufresti hér að neðan.

Þá er einnig hægt að nálgast upplýsingar eða gögn á Bæjarskrifstofu Ölfus, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn, með því að senda fyrirspurn á skipulag@olfus.is eða hafa samband við bæjarskrifstofuna í síma 480 3800.

Sigurður Steinar Ásgeirsson
Sviðsstjóri
Skipulags- og lögfræðisvið

Vakin er athygli á að samkvæmt 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 73/2020 og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 160/2010, má kæra ákvarðanir sveitarstjórnar um samþykkt aðalskipulagsbreytinga og deiliskipulagsáætlana til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Um kærufrest fer samkvæmt 3. mgr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem kveðið er á um fjögurra vikna kærufrest frá birtingu ákvörðunar í B-deild Stjórnartíðinda. Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga og 5. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, er sjálfstætt kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur vegna slíkrar ákvörðunar er einn mánuður, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011.
Um meðferð kærumála gilda ákvæði laga nr. 130/2011, reglugerðar nr. 1300/2011 um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, auk ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum um kæruheimild, sbr. 26. gr., andmælarétt, sbr. 13. gr., og rannsóknarreglu, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga.
Kæru skal beint til úrskurðarnefndarinnar að Borgartúni 21, 105 Reykjavík, eða með rafrænum hætti í gegnum kærugátt Stjórnarráðs Íslands á www.stjornarradid.is

FUNDIR

Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opið hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14:-16
Unga fólkið

Miðvikudagar kl. 11-14
Opið hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á Brossíðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opið hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði Karlahópurinn Smárarnir kl. 18

Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facbook: Krabbameinsfélag Árnessýslu/Brosið/Smáranir

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga. Nýliðafundur hefst 9:30 og Al-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA
Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedzialek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30. Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 - Sporafundur - Konur

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122

Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.
Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

Steinþór Múrari
Flísalögn og múrverk
S: 698-7271
steinthormurari

FÉLAGSSTÖRF

FÉLAG ELDRI BORGARA FEB SELFOSSI

SKRIFSTOFA FEBSEL
Opin fimmtudaginn
5. nóv. kl. 13:00-14:30

Ath. miðasala á Árshátíð FEB Selfoss verður kl. 13. 13:00-15:00 Miðinn kostar 10.000 kr.

OPIÐ HÚS
Fim. 5. nóv. kl. 14:30-16:00

„FLÓINN", ÁRBÓK FERÐAFÉLAG ÍSLANDS 2023.
Magnús Karel Hannesson fjallar um bókina sína

kaffi 300 kr.
Kaffi, brauðterta, jólakaka og smákaka 2000 kr.

ÁRSHÁTÍÐ FEB SELFOSS
12. nóv. kl. 18:15
Hótel Selfoss

HEILSA

Energy Touch - Nudd - Heildræn meðhöndlun



Jákvæðar hugsanir breyta deginum

Ragnhildur Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í þróttafræðum, nálastungur, yoga, NLP-master/coach, heilsunuddari, Hugræn atferlismeðferð, meta medicine.

ÞJÓNUSTA

Smíðavinna og viðgerðir

Tek að mér:
• Allt almennt smíðaviðhald
• Innanhúss- og utanhússfrágangur
• Pallasmíði
• Girðingar
• Allar almennar viðgerðir

Þjónusta í Reykjavík, á Selfossi og í nágrenni.

Hafðu samband og fáðu tilboð!
Sími 777 2265

KIRKJUR

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Austurvegi 40b
Samkomur á sunnudögum kl.11:00
English translation available.
Bæn og lestur á miðvikudögum kl. 17
Unglingasamkomur á fimmtudögum kl. 20:00
Allir innilega velkomnir.

Selfosskirkja
Messa sunnudaginn 8. nóvember kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Edit A. Molnár, prestur Axel Árnason Njarðvík. Morgunbænir miðvikudaga kl. 10:00. Krílasálmar miðvikudaga kl. 10:15 og foreldrasamvera sama dag kl. 11:00. Þriðjudagssamvera 10. nóvember kl. 14:00, gestur Gunnar Sigurgeirsson.

Stokkseyrarkirkja
Kvöldmessa sunnudaginn 8. nóvember kl. 20:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Hrafnkell Karlsson, prestur Axel Árnason Njarðvík.

Skálholtsdómkirkja
8. nóvember er ekki messa í Skálholtsdómkirkju vegna undirbúnings fyrir mikinn tónlistarviðburð í kirkjunni kl. 16, þar sem Íslenska Óperan, sinfóníuhljómsveit Suðurlands og okkar besta fólk úr kirkjukórum Suðurlands stígur á stokk. Í staðinn bendum við á guðsþjónustu í Sólheimakirkju kl. 14.

Sólheimakirkja
Sunnudaginn 8. nóvember er guðsþjónusta kl. 14 þar sem við heiðrum og þökkum fyrir feður á feðradeginum. Margrét Steinunn Guðjónsdóttir djákni leiðir stundina og sönghópurinn Syngjandi sex flytur skemmtileg lög. Allir eru þar innilega velkomin!

Hannyrðahornið

Herravettlingar

Uppskrift: **Bobbýjardætur / bobby.is**



Stærðir: S/M og L/XL
Garn: Scout frá Kelbourne 1 hespa eða 2 dokkur Eco Highland frá Viking, garnið fæst hjá bobby.is í Hveragerði.
Eða annað sambærilegt garn.
Prjónfesta: 21/10

ÞAÐ SEM ÞARF
Sokkaprjóna/crazy trio 3,5 og 4 mm
Stoppunál til að ganga frá endum


UPPSKRIFT
Fitjið laust upp 40 – 44 lykkjur á sokkaprjóna/crazy trio 3,5 mm.
Tengið í hring og prjónið stroff 1 slétt 1 brugðin 6 cm.
Eftir stroff er skipt yfir á prjóna nr. 4 og prjónuð ein umferð slétt, í þessari umferð þarf að auka út um 4 - 4 lykkjur, þá eiga að vera 44 – 48 lykkjur.
Helmingur lykkjanna er handarbak og þar kemur mynstur.
Byrjið á að prjóna 1 – 2 lykkjur svo mynstur eftir teikningu og aftur 1 – 2 lykkjur í lok handarbaks, prjónið síðan hinn helminginn af lykkjunum (lófa) sléttar.
ATH. Fjöldi lykkja í mynstri er 20 lykkjur.
Prjónið ca. 5 – 7 cm áður en þumalop er gert.

ÞUMALOP
Notið aukaband til að prjóna þumallykkjurnar á.
Fyrir hægri hönd prjónið 2 lykkjur með mynsturlitum, prjónið svo 8 – 9 lykkjur á aukabandið, færið lykkjurnar aftur yfir á hægri prjónið slétt allan lófann.
Á vinstri vettling prjónið bandið fyrir þumalinn eins nema nú þarf að passa að gera ekki vettlingana uppá sömu hönd, prjónið þar til að á prjóninum eru 10 - 11 lykkjur, prjónið 8 – 9 lykkjur á hjálparband og færið lykkjurnar aftur yfir á prjóninn og prjónið út umferðina.
Prjónið ca 14 – 15 cm áður en byrjað er að taka úr.

ÚRTAKA
Mynstri lýkur þegar farið er að fækka lykkjum en þá er allar lykkjur prjónaðar sléttar.
Lykkjum er fækkað um fjórar lykkjur í hverri umferð þar til það eru eftir átta lykkjur.
Úrtaka: Prjónið eina lykkju, næstu tvær teknar ein í einu yfir á vinstri prjón eins og eigi að prjóna þær slétt, prjónið þessar tvær slétt saman. Prjónið þar til þrjár lykkjur eru eftir af prjóninum, prjónið tvær lykkjur saman prjónið síðustu lykkjuna. Prjónið hinn helming umferðarinnar eins.
Takið svona úr í hverri umferð þar til átta lykkjur eru eftir í allt, þá er slitið frá og stoppunál notuð til að þræða í gegnum lykkjurnar, herðið saman og gangið vel frá endunum.

ÞUMALL
Aukabandið sem var notað fyrir þumalopið er fjarlægt varlega og lykkjurnar tekar upp sitt hvoru megin, samtals 16 – 18 lykkjur, tengið í hring og prjónið þar til að þumallinn er ca 7 – 8 cm. Fækkið lykkjum og gerið eins og á vettlingnum, þræðið með stoppunál í gegnum allar lykkjur og herðið að.

ÞVOTTALEIÐBEININGAR
Þvoið í höndum í köldu/volgu vatni skolið vel og kreistið vatnið úr leggið til þerris.



• Brugðin lykkja □ Slétt lykkja

BOBBÝJARDÆTUR
Breiðumörk 13, Hveragerði
Sími 774 2324
info@bobby.is - www.bobby.is



Ákall um samstarf – Ekki bara samtal

Hún hefur ekki farið fram hjá mörgum undanfarna daga, sú mikla umræða um fyrirhugaðar skattahækkanir og nýjar álögur sem munu að verulegu leyti koma niður á ferðaþjónustunni og þeim samfélögum sem byggja afkomu sína m.a. á henni. Þar á Suðurlandið mikið undir og er þar af leiðandi verulega berskjaldað í þessari undarlegu vegferð.

Á mínum tiltölulega stutta ferli í sveitarstjórnarmálum man ég vart eftir því að hafa upplifað jafn mikla togstreitu milli ríkis og sveitarfélaga og nú. Sérstaklega finnst mér bilið hafa breikkað milli ríkis og sveitarfélaga á landsbyggðinni. Við upplifum okkur í eilífri varnarbaráttu gagnavart okkar samstarfsfélaga þ.e. ríkinu.

Baðlónaskattur, innviðagjald (Bláskógaskatturinn) kílómetragjald, veggjöld, breytingar á eftirliti byggingarfulltrúa, og niðurlagning heilbrigðiseftirlita í núverandi mynd. Þetta eru vissulega ólík mál og klárlega eiga sumar breytingar rétt á sér og gætu mögulega orðið til einhvers góðs. En við verðum samt sem áður að horfa á heildarmyndina og hver áhrifin geta orðið.

Þegar nýjar álögur bætast hverjar ofan á aðra, og áhrifin beinast að verulegu leyti að sömu atvinnugrein og sömu samfélögum, hljótum við að þurfa að staldra við og spyrja hvort stjórnvöld hafi í raun gert sér grein fyrir samanlögðum áhrifum þeirra.

Það vilja allir leggja sitt af mörkum. Ferðaþjónustufyrirtæki og sveitarfélög á Suðurlandi hafa engan áhuga á að skorast undan ábyrgð sinni. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að uppbyggingu fylgir kostnaður og að það þarf að standa undir nauðsynlegum innviðum og opinberri þjónustu.

Ekkert gerist að sjálfu sér

Það er stundum hollt að rifja upp hversu ótrúlega stutt er síðan ferðaþjónustan varð sú atvinnugrein sem við þekkjum í dag. Fyrir um fimmtán árum bjóég á Kirkjubæjarklaustri. Á fallegum sumardögum áttum við fjölskyldan Fjaðrárgljúfur út af fyrir okkur, eftir réttir minnkaði opnunartími verslana og veitingastaða um helming, hótel og gististaðir lögðust í dvala yfir vetrartímann. Á þessum árum var hreinlega ekki mikið af frétta í uppbyggingu nýrra tækifæra á Suðurlandi, t.d. var eina byggingarframkvæmdin í Vík í Mýrdal viðbygging við núverandi hótel. Sjáið svo hvað hefur gerst á þessum stutta tíma.

Heilu samfélögin hafa tekið stakkaskiptum. Ný tækifæri hafa orðið til, gömul fyrirtæki hafa vaxið, störfum fjölgað og ungt fólk séð ný tækifæri til að byggja sér framtíð í heimabyggð. Ég tel að jafn öflugur landbúnaður og nú er stundaður á Suðurlandi væri ekki svipur hjá sjón ef ekki væri fyrir ferðaþjónustu.

Suðurland hefur verið í fararbroddi þessarar þróunar og lagt gríðarlega mikið af mörkum til þeirrar verðmætasköpunar sem ferðaþjónustan hefur skilað íslensku samfélagi.

En þessi uppbygging gerist ekki af sjálfu sér. Að baki hennar stendur fólk sem hefur trú á framtíðinni. Fólk sem hefur lagt allt sitt undir, tekið áhættu, unnið langa vinnudaga og byggt upp sín fyrirtæki með miklum sóma. Sem betur fer hafa margir náð góðum árangri og sum fyrirtæki skilað ágætum hagnaði. Rekstrarumhverfið er krefjandi, fjárfestingar miklar og svigrúm til að mæta sífellt nýjum álögum er ekki endalaust, tala nú ekki um þegar fyrirvarinn er lítill sem enginn.

Suðurland, ekki botnlaus tekjulind fyrir ríkissjóð

Ferðaþjónustan hefur vissulega skapað áskoranir. Álag á vegakerfið, náttúruna, heilbrigðiskerfið og aðra innviði er mikið og hafa bæði sveitarfélög og ríki þurft að bregðast við örri fjölgun ferðamanna og ákalli um aukna þjónustu.

Um þetta eru íbúar, fyrirtæki og sveitarfélög vel meðvituð. Þess vegna er það ekki ágreiningsefni að afla þurfi tekna til að standa undir nauðsynlegri uppbyggingu innviða og þjónustu. En það hlýtur að vera eðlileg krafa að þær tekjur sem þarf að innheimta skili sér að einhverju marki aftur til þeirra samfélaga þar sem álagið verður til.

Það gengur illa upp að líta á Suðurland fyrst og fremst sem tekjulind fyrir ríkissjóð en ætlast um leið til þess að sveitarfélögin og atvinnulífið á svæðinu glími sjálft við sívaxandi áskoranir.

Við þurfum að geta séð skýr tengsl milli þeirra gjalda sem lögð eru á og þeirra úrbóta sem þeim er ætlað að fjármagna. Það verður að tryggja að álögurnar verði ekki svo miklar að þær dragi úr fjárfestingum, veiki rekstrargrundvöll fyrirtækja og hægi á þeirri jákvæðu byggðaþróun sem við höfum unnið svo ötullega að undanfarin ár. Það væri sérkennileg niðurstaða ef við myndum skattleggja okkur út úr þeim árangri sem við höfum nú þegar náð.

Hver á að greiða fyrir hallalaus fjárlög?

Það er fullkomlega eðlilegt að núverandi ríkisstjórn vilji ná jafnvægi í ríkisfjármálum. Ábyrg fjármálastjórn er öllum til hagsbóta, sveitarfélögin og fyrirtæki þekkja vel mikilvægi hennar. En þegar stórum hluta fyrirhugaðrar tekjuöflunar ríkisins er beint að einni atvinnugrein, með sérstaklega mikil áhrif á afmarkað landsvæði, hljótum við að mega spyrja hvort jafnræðis og meðalhófs sé gætt. Við viljum öll að ákvarðanir séu teknar af yfirvegun og með langtímahagsmuni allrar þjóðarinnar að leiðarljósi. Suðurland hefur ávallt lagt sitt af mörkum til þjóðarbúsins og mun halda því áfram. En það er ekki hægt að gera ráð fyrir því að umburðarlyndi fyrir landsbyggðarskatti séu ótakmörkuð.

Það er ekki nóg að segjast hlusta

Eins og ég kom inn á í upphafi þessarar greinar þá veldur það mér aðeins áhyggjum sú staða sem virðist vera komin upp í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Ég held að ansi margir sveitarstjórnarmenn og atvinnurekendur séu orðnir býsna þreyttir á að heyra að stjórnvöld séu að hlusta. Við heyrum aftur og aftur að sjónarmið okkar séu mikilvæg, að samtalið sé gott og að alþingismenn skilji þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir. Hvað þýðir það í raun að hlusta ef ekkert breytist? Hvers konar samráð og samvinna er það ef niðurstaðan virðist liggja ljós fyrir áður en samtalið hefst? Hvaða tilgangi þjónar það að kalla sveitarfélög og atvinnulíf að borðinu ef þau fá í raun ekkert svigrúm til að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem eru teknar? Við erum ekki að biðja um að fá að sitja við borðið til þess eins að láta í okkur heyra, við viljum og teljum okkur skylt að taka þátt í því að móta lausnirnar.

Sveitarfélögin á Suðurlandi búa yfir gríðarlegri þekkingu á þeim aðstæðum sem verið er að fjalla um. Það sama á við um ferðaþjónustufyrirtækin og fólkið sem hefur byggt þau upp. Þessa þekkingu á að sjálfsögðu að nýta þegar ákvarðanir eru mótaðar, ekki eingöngu þegar búið er að taka þær. Það er engum til góðs að samskipti ríkis og sveitarfélaga einkennist af sívaxandi tortryggni og togstreitu. Við erum öll að vinna að sama markmiði, að byggja upp öflugt samfélag og tryggja bjarta framtíð fyrir samfélögin okkar. Samstarf ríkis og sveitarfélaga verður að byggjast upp á gagnkvæmri virðingu. Sú virðing felst ekki bara í því að hlusta kurteislega. Hún felst í því að taka sjónarmið annarra alvarlega og vera tilbúin að breyta um stefnu þegar góð og skynsamleg rök eru færð fram.

Við erum tilbúin – Er ríkisstjórnin það?

Ég er frekar bjartsýnn og jákvæður að eðlisfari og hef því fulla trú á því að hægt sé að finna farsælar lausnir sem tryggja ríkinu eðlilegar tekjur, standa undir nauðsynlegri innviðauppbyggingu og skapa um



leið heilbrigt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi fyrir atvinnulífið. En það er alveg klárt mál að slíkar lausnir verða ekki til með einhliða ákvörðunum, þær verða til með raunverulegri samvinnu.

Sveitarfélögin, íbúar og atvinnulífið á Suðurlandi hafa sýnt fram á það að við erum tilbúin að takast á við miklar breytingar og stór verkefni. Við höfum tekið þátt í að byggja upp eina öflugustu atvinnugrein landsins og staðið saman frammi fyrir þeim áskorunum sem þeirri uppbyggingu fylgja.

Við erum ekki að biðja um sérmeðferð. Við erum að kalla eftir sanngirni, fyrirsjáanleika og því að ákvarðanir séu teknar með heildarhagsmuni að leiðarljósi. Umfram allt erum við að kalla eftir því að fá að vera raunverulegir þátttakendur í þeirri vinnu sem fram undan er.

Við á Suðurlandi erum tilbúin til samstarfs. Við höfum þekkinguna, reynsluna og viljann til að finna góðar lausnir sem verða til hagsbóta fyrir okkur öll.

Nú þarf ríkisstjórnin að sýna að þau séu ekki bara hér til að hlusta á okkur, heldur líka að vera tilbúin að vinna með okkur. Ofurskattlagning á einstaka atvinnugreinar, einstaka landshluta og jafnvel einstaka sveitarfélög á ekki eftir að stuðla að því að koma okkur á þann stað sem okkur sæmir.

Anton Kári Halldórsson
Formaður stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og sveitarstjóri Rangárþings eystra.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

2877 Fimmtudagur 5. nóvember 2026

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyrn.is



Ökukennsla
Sniðið að þörfum hvers og eins.
Kennsla á íslensku eða ensku.
Hafðu samband í 897 4693
Bókaðu á UTIADAKA.IS
„Með þér alla leið"

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

LAGNALAND

ÁREIÐANLEGIR PÍPULAGNINGAVERKTAKAR
Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is
LAGNALAND EHF.

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980


Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir
Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

Stífluþjónusta Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com
YFIR 20 ÁRA REYNSLA
Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

FÁÐU TILBOÐ Í ÞINN PALL
899 0979 ÖRN
848 0964 GÍSLI
WWW.SOLPALLUR.IS
SÓLPALLUR
Fagmennska - Gæði - Áreiðanleiki

GB Hús
NÝSMÍÐI | VIÐHALD | PALLASMÍÐI
ÖLL ALMENN SMÍÐAVINNA
Löggiltir húsasmíðameistarar
848 0964 GÍSLI
899 0979 ÖRN
GBHUS@GBHUS.IS

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta
Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn
Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

Lagnaþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

STÍFLULOSUN SUÐURLANDS
VIÐ ELSKUM STÍFLUR!
DÆLUBÍLAÞJÓNUSTA OG STÍFLULOSANIR

510 1180 - 669 8441
Hellismýri 14 800 Selfoss stiflulosun.is

Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir

TRS
Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ▪ www.trs.is

prentmet ODDI
umbúðir og prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is

LÁTTU FAGMENN SJÁ UM VERKIÐ ÞITT


800SMIDI@GMAIL.COM
FÁÐU FRÍTT VERÐTILBOÐ Í ÞITT VERK

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is